



Þjálfaramenntun

Þjálfaramenntun ÍSí er áfangaskipt fræðslukerfi í fimm stigum þar sem skilgreindar eru kröfur um menntun fyrir ákveðna markhópa. Þetta kerfi er samræmt fyrir allar íþróttgreinar.

Menntun á fyrstu þremur stigunum er innan íþróttahreyfingarinnar. ÍSí sér um almenna hluta fyrstu þriggja stiganna og heldur utan um þá kennslu, sem öll er í fjarnámi. Sér sambönd ÍSí sjá um sérgreinahluta þeirra stiga eins reglulega og þeim er unnt. (Þjálfarastig 4 og 5 verða mögulega kennd innan háskólanna sem sjálfstætt framhald af námi þriggja fyrstu stiganna).

ÍSí býður upp á almenna hlutann á fyrstu tveimur stigunum þrisvar á ári, sumar-, haust- og vor. Framboð náms á 3. stigi fer eftir eftirspurn hverju sinni.

Menntun á hverju stigi fyrir sig er ekki lokið fyrr en þjálfari hefur lokið bæði almenna hlutanum hjá ÍSí og sérgreinahlutanum hjá viðkomandi sérsambandi.

Þjálfaramenntun ÍSí gefur réttindi til íþróttþjálfunar og fá allir nemendur sem ljúka námi á 1. stigi þjálfaraskírteini með staðfestingu á náminu og einkunn. Auk náms á stigunum þurfa þjálfarar að hafa gilt skyndihjálparnámskeið og ákveðna þjálfunarreynslu til að geta haldið áfram námi. Einnig eru aldurstakmörk inn á námskeiðin sem er 16 ár inn á 1. stig, 18 ár á 2. stig og 20 ár á 3. stig.

